



Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um frumvarp til laga um almannatryggingar (raunleiðrétting)

24. mars 2023

Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið frumvarpið umsagnar.

Með vísan til þeirra staðreynda og augljósu og mjög veigamiklu sanngirniskraka sem er að finna í greinargerð með frumvarpinu hvetja Landssamtökin þroskahjálpar velferðarnefnd eindregið til að afgreiða þetta mikla og augljósa réttlætismál án tafar úr nefndinni og skorar á Alþingi að samþykkja frumvarpið á þessu þingi til að það geti orðið sem fyrst að lögum.

Virðingarfyllt.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. mars 2023.

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 (raunleiðrétting), þskj. 218, 217. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Ítrekar skrifstofan fyrri umsögn sína um frumvarpið og styður það heils hugar. Hér eru afar mikilvægir hagsmunir í húfi fyrir lífeyrisþega sem þurft hafa að þola kjaragliðnun allt frá árinu 1997 vegna þess að greiðslur almannatrygginga hafa ekki hækkað til samræmis við vísitölu neysluverðs eða launavísitölu. Brýnt er að bæta úr og vísar MRSÍ til Félagsmálasáttmála Evrópu, alþjóðasamnings um efnahagsleg, menningarleg og félagsleg réttindi sem og samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem kveða á um rétt einstaklinga til að njóta stöðugt batnandi lífskjara og skyldu aðildarríkja til að standa vörð um viðvæma hópa.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

framkvæmdastjóri

Nefndarsvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. mars 2023

Efni: Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka (ÖBÍ) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 (raunleiðrétting) þingskjal 218 – 217. mál.

ÖBÍ fagnar því að frumvarpið sem hér er til umsagnar hafi verið lagt fram og lýsir yfir eindregnum stuðningi við að það verði samþykkt. ÖBÍ hvetur nefndina til að afgreiða þetta mikilvæga frumvarp úr nefnd þannig að það komist í þinglega meðferð. Það er mikið réttlætismál fyrir lífeyrisþega að tryggð verði að kjaragliðnunin haldi ekki áfram.

Verði frumvarpið að lögum er gegnsæi tryggt við ákvörðun um breytingar á greiðslum almannatrygginga og að ákvörðunin byggji á sömu skýru forsendum og þar með afmörkuðu reiknireglu og við hækkun launa skv. 4. gr. laga nr. 79/2019. Núverandi fyrirkomulag fyrir breytingar á greiðslum almannatrygginga byggir hins vegar á áætlunum og spám fram í tímann, sem sjaldnast standast og eru ekki leiðréttar. Mun eðlilegra er að þær byggji á rauntölum.

Lífeyrisþegar eru í sömu stöðu og þau sem falla undir lög nr. 79/2019 þar sem þeir semja ekki um hækkunir lífeyris, hafa ekki verkfallsrétt og eru í raun upp á stjórnvöld komin hvað varðar breytingar á lífeyrisgreiðslum. Í 4. gr. þeirra laga er ákvæði um hækkun til þeirra sem falla undir lög.

„Í þessu ákvæði kemur skýrt fram hver viðmiðunarhópurinn er (starfsmenn ríkisins), hvaða launahugtak er miðað við (regluleg laun), hvaða breytingu eigi að horfa til (breytingin á meðaltali), tímabilið sem er byggt á (næstliðið almanaksár) og hvenær breytingin skuli eiga sér stað (1. júlí ár hvert). Þá er skilgreint hver eigi að annast greininguna sem liggur til grundvallar (Hagstofa Íslands).“¹

Í Félagsmálasáttmála Evrópu, samningi Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er kveðið á um að einstaklingar skuli njóta stöðugt batnandi lífskjara og ríkið skuli tryggja að slíkt fái forgang. Þingmál þetta varðar ákaflega mikilvæga hagsmuni borgaranna, enda varðar það hvernig þróun framfærslu þúsunda einstaklinga skuli háttað. Ákvarðanir í slíkum málum verða stjórnvöld að taka föstum tókum og byggja á ákvæði sem tryggir gegnsæi og að kjör lífeyrisþega haldi í við kjör annarra hópa.

¹ Lásar gera bara gagn ef þeir eru læstir. Um 69. grein laga um almannatryggingar. Kolbeinn Stefánsson, nóvember 2020.

Eins og fram kemur í greinargerðinni með frumvarpinu hafa bætur/greiðslur almannatrygginga ekki hækkað til samræmis við vísitölu neysluverðs eða launavísitölu, frá því núverandi ákvæði

um árlega breytingu greiðslna almannatrygginga var innleitt. Af þessu leiðir að lífeyrisþegar hafa þurft að þola verulega kjaragliðnun frá árinu 1997 eins og fram kemur í töflu í greinargerð frumvarpsins.

Kjaragliðnunina má að mestu rekja til þess hvernig fjármála- og efnahagsráðuneytið reiknar út væntanlega launaþróun í fjárlagafrumvarpi hvers árs, eins rakið er í greinargerðinni með frumvarpinu. Árum saman hefur fjármálaráðuneytið metið horfur um almenna launaþróun við fjárlagagerð í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Þegar kemur að ákvörðun um breytingu á greiðslum almannatrygginga er hinsvegar miðað við lægri prósentutölu í stað þess að miða við almenna launaþróun í fjárlagagerð.

ÖBÍ hefur ítrekað sent beiðnir til fjármálaráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins um útskýringu á því hvernig staðið væri að útreikningi á árlegri breytingu á greiðslum almannatrygginga auk þess sem þingmenn hafa sent inn fyrirspurnir. Þær eftirgrennsanir hafa leitt í ljós algjöran skort á gegnsæi. Til grundvallar breytingu á greiðslum almannatrygginga ætti að liggja fyrir skýrt afmörkuð reikniregla sem er með ákveðna fasta sem byggja á ákveðnum forsendum. Svör fjármálaráðuneytisins og félags- og tryggingamálaráðuneytisins hafa verið mjög óljós og ráðuneytin ekki getað gefið upp reikniregluna sem virðist þá byggð á huglægu mati hverju sinni. Fjármálaráðuneytið hefur farið þá leið að skýra hugtakið launaþróun þannig að hægt sé að taka út úr því ákveðna þætti eftir því hvernig staðan er hverju sinni, t.d. launaskrið.

Auk þess hafa greiðslur almannatrygginga ítrekað hækkað minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs, þrátt fyrir að ákvæðið ætti að tryggja að slíkt gerðist ekki, sbr. dæmi um tímabil í greinargerð frumvarpsins.

Vakin er athygli á því að í greinargerð sem fylgdi með þegar núverandi 69. grein var samþykkt var gert ráð fyrir að frítekjumörkum yrði breytt samhliða árlegum breytingum greiðslna almannatrygginga.²

Ekkert um okkur án okkar!



Þuríður Harpa Sigurðardóttir,
formaður ÖBÍ réttindasamtaka



Sigríður Hanna Ingólfssdóttir
félagsráðgjafi ÖBÍ réttindasamtaka

² <https://www.althingi.is/altext/122/s/0407.html> Um 8.-11. gr. frumvarpsins.